



Kennarar:	Kristjana Hrund Bárðardóttir (KHB) kristjanahrund@fsu.is og Magnús Huld Sigmarsdóttir (MHS) magnus@fsu.is
-----------	--

Áfangalýsing: Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynni sér ýmiskonar efni sem tengist akademískum orðaförða, menningu og samfélagsmálum. Nemendur þjálfast í hlustun, lestri, ritun og talmáli með áherslu á að geta lagt gagnrýnt mat á málefni, skipulagt röksemdarfærslur og tekið þátt í umræðum. Nemendur velja sér orðaförða tengdan þeirra áhugamáli eða háskólanámi sem unnið verður með á fjölbreyttan hátt. Lögð verður áhersla á að nemendur vinni með fjölbreytta miðla og heimildir. Sjálfsstæð vinnubrögð eru mikilvæg í þessum áfanga.

Undanfari: 15 einingar á 2. þrepi eða ENSK2OL05 og ENSK2OR05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaförða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi,
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir,
- lestri, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans,
- notkun tungumálsins á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum,
- að geta tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni, bæði almenn og persónuleg,
- að beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með viðeigandi stílbrigðum.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á,
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni, fræðilegs eða tæknilegs eðlis,
- geta lagt gagnrýnið mat á texta,
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýnan hátt,

- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og brugðist við fyrirspurnum,
- vinna úr ýmsum upplýsingaveitum og nýta samkvæmt þeim hefðum sem gilda um heimildavinnu

Námsefni:

- námsefni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-36.	18. ágúst - 9. september	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst fim. 18. ágúst. - Námsáætlun áfangans kynnt - Wordlist - Reading strategies - The Perks of Being a Wallflower 	ýmis verkefni
37.-40.	12. september - 7. október	<ul style="list-style-type: none"> - Miðannarmat, lokaskil mið. 12. okt. - Wordlist - The Perks of Being a Wallflower - Love Simon - Oral exam from movies - Further studies assignment - Haustfrí 13.-14. október 	ýmis verkefni munnlegt próf
41.-44.	10. október - 4. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Wordlist - Further studies assignment - Magazine assignement 	ýmis verkefni munnlegar kynningar
45.-48.	7. nóvember - 2. desember	<ul style="list-style-type: none"> - Wordlist - Magazine assignment - Documentary essay 	ýmis verkefni munnlegar kynningar ritgerð
49.-50.	5. desember - 16. desember	<ul style="list-style-type: none"> - Síðasti kennsludagur þri. 6. des - Lokanámsmat hefst mið. 7. des. - Sjúkrapróf mið. 14. des. - Brautskráning mið. 21. des. 	munnleg yfirferð áfangans/fyrirlestur

Sérreglur áfangans:

ÖLLUM verkefnum þarf að skila til að klára áfangann. Símat er í áfanganum og ekkert lokapróf, einkunnin -1 er gefin fyrir verkefni sem gilda 10% eða meira og er ekki skilað. Það er mikilvægt að nemendur sýni frumkvæði, vinni sjálfstætt í tímum og heima, sýni samvinnu í hópaverkefnum og taki þátt í umræðum. Nemandinn ber ábyrgð á að vinna verkefnin sem lögð eru fyrir og fylgjast vel með öllum upplýsingum á Innu. Nemendur eru minntir á að efni á internetinu og öðrum miðlum er varið höfundarrétti; ritstuldur varðar við lög. Ef nemandi getur ekki mætt í tíma þarf að gera samning við kennara um mætingu (nem, fæddir '03 og fyrr) Einnig er gott að láta kennara vita fyrir en seinna ef um einhverja námsörðugleika er að ræða.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Einstaklingsverkefni	Wordlist	14%
Einstaklingsverkefni	Reading strategies	3%
Para/hópaverkefni	The Perks of Being a Wallflower	10%
Einstaklingsverkefni	Love Simon	8%
Einstaklingsverkefni	Oral exam from films	10%
Einstaklingsverkefni	Further Studies assignment	10%
Hópaverkefni	Magazine assignment	20%
Einstaklingsverkefni	Documentary, rhetorical analysis	15%
Einstaklingsverkefni	Oral overview of the course	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 18. ágúst 2022

Kristjana Hrund Bárðardóttir og Magnús Huld Sigmarsdóttir